

**Samþykkt**  
**um breytingu á samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar**  
**og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 748/2018**

1.gr.

Viðauki 1.1. með samþykktinni breytist og er birtur í heild sinni með samþykkt þessari.

2. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Fjarðabyggðar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið 3. júlí 2020.*

F. h. r.

  
Guðbjörg Sigurðardóttir

  
Stefanía Traustadóttir

VIÐAUKI

## VIÐAUKI 1.1.

um fullnaðarafgreiðslu eigna- skipulags- og umhverfisnefndar

1.gr.

Eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd afgreiðir án staðfestingar bæjarstjórnar og bæjarráðs eftirtalin verkefni samkvæmt heimild í 1. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samþykkt um stjórn og fundarsköp Fjarðabyggðar:

- Tillögur til lögreglustjóra varðandi breytingar á varanlegum sérákvæðum um notkun vega til umferðar og aðrar ákvarðanir sem hljóta þurfa staðfestingar eða samþykki hans, sbr. 81.-83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
- Hvers kyns ákvarðanir varðandi starfsemi Hitaveitu Fjarðabyggðar. Þó ekki mannráðningar, staðfestingu gjaldskrár, fjárhagsáætlun, ákvarðanir um breytingu veitusvæðis og ákvarðanir um nýframkvæmdir sbr. ákvæði í gildandi innkaupareglum.
- Hvers kyns ákvarðanir varðandi starfsemi Vatnsveitu Fjarðabyggðar. Þó ekki mannráðningar, staðfestingu gjaldskrár, fjárhagsáætlun og ákvarðanir um nýframkvæmdir sbr. ákvæði í gildandi innkaupareglum.
- Hvers kyns ákvarðanir varðandi starfsemi Fráveitu Fjarðabyggðar. Þó ekki mannráðningar, staðfestingu gjaldskrár, fjárhagsáætlun og ákvarðanir um nýframkvæmdir sbr. ákvæði í gildandi innkaupareglum.
- Breytingar á deiliskipulagi, sbr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- Ákvörðun um að hefja gerð deiliskipulags, sbr. 38. gr. skipulagslaga.
- Framkvæmdaleyfi, sbr. 1. mgr. 13. gr. skipulagslaga.
- Skiptingu jarða, landa, lóða og breytingu á landamerkjum samkvæmt 48. gr. skipulagslaga.
- Meðmæli til Skipulagsstofnunar vegna einstakra framkvæmda þar sem ekki liggur fyrir staðfest deiliskipulag, sbr. 1. ákvæði til bráðabirgða í skipulagslögum.
- Endurnýjun og framlenging á gildandi lóðarsamningum.
- Verkefni byggingarnefndar sbr. 7.gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.
- Ákvörðun um hvort framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum þegar sveitarfélagið er sjálft framkvæmdaraðili og framkvæmd er háð framkvæmdaleyfi eða byggingarleyfi samkvæmt skipulagslögum eða lögum um mannvirki og tilgreind er í flokki C í 1.viðauka við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, með síðari breytingum.

Eigna- skipulags- og umhverfisnefnd getur ávallt vísað afgreiðslu mála samkvæmt 1. mgr. til bæjarráðs og er skylt að vísa þeim til bæjarráðs sé þess óskað af tveimur fulltrúum í nefndinni hið fæsta. Í slíkum tilfellum skal nefndin þó setja fram tillögu að afgreiðslu máls.

2.gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu eigna- skipulags- og umhverfisnefndar eða beri hann fram kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska eftir endurupptöku máls í bæjarráði, sbr. 24. gr. stjórnarsýslulaga, eftir því sem við á. Telji bæjarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal eigna- skipulags- og umhverfisnefnd taka málið upp að nýju.